

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 234/2017

2019/EES/80/26

frá 15. desember 2017

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1475 frá 26. janúar 2017 um flokkun leirskífa eftir nothæfi með tilliti til frostþols þeirra, samkvæmt EN 1304, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1zzk (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/959) í XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„1zzl. **32017 R 1475**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1475 frá 26. janúar 2017 um flokkun leirskífa eftir nothæfi með tilliti til frostþols þeirra, samkvæmt EN 1304, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjúd. ESB L 211, 17.8.2017, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/1475, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. desember 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

⁽¹⁾ Stjúd. ESB L 211, 17.8. 2017, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.